

Því var bjargað sem bjargað varð – Davíð Oddsson og bankahrunið 2008

Eftir Hannes Hólmstein Gissurason

Því var vel tekið þegar tilkynnt var í öndverðum september 2005 að Davíð Oddsson hefði verið skipaður formaður bankastjórnar Seðlabankans frá og með 20. október. Steingrímur J. Sigfússon, leiðtogi Vinstri grænna, sagði í Morgunblaðinu 8. september: „Sem forsætisráðherra um árabíl hefur hann sýslað þannig við efnahagsmál, að hann hefur reynt á því sviði. Ég efast ekki um að hann hafi það til brunns að bera sem þarf í starf seðlabankastjóra.“ Daginn eftir sagði Óssur Skarphéðinsson, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, í Fréttablaðinu: „Vafalaust munu sumir agnást út í það að hann skuli fara í Seðlabankann. Hins vegar er erfitt að halda því fram að maður sem hefur stýrt efnahagsmálum þjóðarinnar í þrettán ár sé ekki hæfur til að vera seðlabankastjóri.“ Allt virtist um þær mundir standa í blóma.

Skjótt skipaðist þó veður í lofti. Haustið 2007, eftir rétt tvö ár í Seðlabankanum, settist Davíð niður heima hjá sér og ræddi við konu sína um hvort hann ætti að segja af sér. Hann hefði þungar áhyggjur af bönkunum: Þeir hefðu safnað feikilegum skuldum erlendis og ólíklegt væri að þeir gætu endurfjármagnað erlend lán að fullu næstu misseri, en alþjóðleg lánsfjákræppa hafði skolið á sumarið á undan. Fáir sem engir vildu hlusta á varnaðarorð hans og hann gerði ráð fyrir að sér yrði kennt um ef bankarnir féllu. Davíð ákvað samt að þræka í bankanum. „Annars er ég að hlaupa frá borði,“ sagði hann konu sinni. Áhyggjur Davíðs reyndust á rökum reistar. Lánsfjákræppan harðnaði þegar leið fram á árið 2008 Seðlabankinn fékk ekki þá fyrirgreiðslu erlendis sem hann bað um og bankarnir féllu þá um haustið. Vinstri stjórni, sem þeir Steingrímur og Óssur sátu í báðir, lét það verða sitt fyrsta verk í febrúar 2009 að hrekja Davíð og tvo starfsbræður hans úr Seðlabankanum með sérstökum lögum. Hvað hafði gerst á þessum þremur árum? Hver verður dómur sögunnar um seðlabankastjóratíð Davíðs Oddssonar?

Snjóbolti niður hlíf

Davíð Oddsson hafði aðeins verið einhverjar vikur í bankanum þegar hann bauð hinum gamalreynda forvera sínum dr. Jóhannesi Nordal í hádegisverð. Hann sagði Jóhannesi að sér litist ekki á hinn öra vöxt bankanna. Þeir nýttu sér alþjóðlegt lánstraust Íslands til skuldaföfnunar erlendis. Jóhannes sagði: „Ég er hræddur um að þetta sé snjóbolti sem sé að rúlla niður hlífina og þú verðir að lokum undir honum. Gallinn er sá að líklega er hvergi hægt að stöðva hann því að þá kann að vera að bankamönnunum fipist og þá verða afleiðingar enn verri.“ Um svipað leyti, í nóvember 2005, heimsóttu þeir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra sinn gamla samstarfsmann í Seðlabankanum. Þá hafði Davíð orð á því að bankakerfið kynni að standa á brauðfótum og gæti hrundi. Þeir Halldór og Geir töldu það ólíklegt. Þá höfðu nýlega birst fyrstu skýrslurnar erlendis þar sem lýst var efasemdum um sjálfbærni íslenska bankakerfisins. Var nú kyrrt að kalla í nokkra mánuði. En sunnudaginn 26. mars 2006 hringdi Halldór í Davíð þar sem hann var í sumarbústað sínum á Móeiðarhvoli og kvað stjórnendur bankanna þriggja segja sér að þeir gætu fallið eftir helgi. Líklega yrðu lánalínur þeirra erlendis ekki endurnýjaðar. Davíð þeysti til Reykjavíkur og kallaði bankastjórana á leynilegan fund heima hjá sér. Niðurstaðan þar varð að hans ráði að þá áttu áttu. Ekkert gerðist næstu daga og lánalínur voru endurnýjaðar.

Stjórnendum íslensku bankanna var mjög brugðið og næstu mánuði lengdu þeir eins og þeir gátu í lánunum, minnkuðu krosssegnatengsl og huguðu að nýrri fjármögnun. Landsbankinn hóf haustið 2006 að safna innstæðum á sva-nefnda Icesave-reikninga í Bretlandi og Kaupþing á Edge-reikninga þar, í Pýskalandi og víðar. Bönkunum tókst einnig að selja skulda-bréf í Bandaríkjunum. Vorið 2007 eignuðust Jón Ásgeir Jóhannesson og samstarfsmenn hans ráðandi hlut í Glitni en þegar var Jón Ásgeir orðinn stærsti skuldunautur hinna bankanna. Af Jóni Ásgeiri fór misjafnt orð erlendis þar sem hann hafði keypt fjölda fyrirtækja. Hann hafði jafnvel gert út blað í Danmörku í samkeppni við dönsku stórbliðin sem vönduðu honum ekki kveður. Stórjunktur nú útlán til Jóns Ásgeirs í Glitni. Árið 2007 tók mjög að bera erlendis á ádeilum á íslensku bankana og



Morgunblaðið/Golli

Bankastjórar Seðlabankans, Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson, voru samstíga í viðvörnum sínum til stjórnvalda og áætlunum um að bregðast við hugsanlegu bankahruni. Þeir vildu reisa varnarvegg um Ísland.



Morgunblaðið/Ómar

Davíð Oddsson beitti sér hart gegn Icesave-samningnum tveimur. Þar var hann á sama máli og InDefence hópurinn, sem hitti hér forseta Íslands til að skora á hann að vísa samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin tók undir með þeim í tveimur atkvæðagreiðslum.

stærstu viðskiptavinum þeirra. Það spurðist líka út að haustið 2007 efndu seðlabankar á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum til eins konar æfingar þar sem íslenski seðlabankinn hætti þátttöku í miðjum klíðum af því að hann vildi ekki upplýsa hvort íslenska ríkið myndi koma til bjargar stórum íslenskum banka í vandræðum.

Mestu máli skipti þó að í ágúst 2007 hófst alþjóðleg lánsfjákræppa þegar franskur bankinn BNP Paribas hætti að greiða út úr fjárfestingarsjóðum, aðallega af því að ekki var ljóst hvers virði bandarískir skuldaþræfingarnar væru. Þótt evrópski seðlabankinn flýtti sér að dæla fé í bankann urðu aðrir bankar varir um sig og tregir til útlána. Mánuði síðar varð breska ríkið að bjarga Northern Rock-bankanum í Norður-Englandi eftir að spari-fjáreigendur höfðu gert á hann áhlaup, hið fyrsta á breskan banka frá 1866. Afskriftir erlendra risabanka stórkjást. Forstjórar sumra þeirra urðu að segja upp.

Sverfur að bönkunum

Lánsfjákræppan bitnaði strax á íslensku bönkunum. Haustið 2007 héldu bankastjórar Seðlabankans einn af hefðbundnum samráðsfundum sínum með forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Geir H. Haarde, sem nú var orðinn forsætisráðherra, ákvað að bjóða Þorgerði K. Gunnarsdóttur menntamálaráðherra með sér á fundinn, sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu. Þar lét Davíð Oddsson í ljós

þungar áhyggjur af framtíðarfjármögnun bankanna og urðu nokkur orðaskipti milli hans og Þorgerðar sem tók viðvörnum hans fálega. Út á við urðu seðlabankastjórnir að gæta orða sinna en Davíð sagði þó á morgunfundi Viðskiptaráðs 6. nóvember 2007: „Ódýrt fé lá um hríð hvarvetna á lausu og ýmsir aðilar hér á landi nýttu það tækifæri af djörfung og krafti. Hin hlíðin á útrásinni er þó sú og framhjá henni verður ekki horft að Ísland er að verða óþægilega skuldbar erlendis. Á sama tíma og íslenska ríkið hefur greitt skuldir sínar hratt niður og innlendar og erlendar eignir Seðlabankans hafa aukist verulega þá hafa aðrar erlendar skuldbindingar þjóðarbúsins aukist svo mikið að þetta tvennt sem ég áðan nefndi er smáræði í samanburði við það. Allt getur þetta farið vel en við erum örugglega við ytri mörk þess sem fært er að búa við til lengri tíma.“

Þetta haust tilkynntu stjórnendur Kaupþings að þeir hygðust kaupa hollenskan banka, NIBC. Davíð taldi að þessi kaup yrðu Kaupþingi ofvíða og lagði hart að stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins, Jóni Sigurðssyni, að beita sér fyrir því að Fjármálaeftirlitið kæmi í veg fyrir þau. Á fundi með Davíð í Seðlabankanum kvaðst Jón þá og því aðeins gera það að Davíð tæki fulla ábyrgð á málinu og gerði Davíð það. Voru Kaupþingsmenn eflaust fegnir því að lokum að þeir fengu ekki leyfi til kaupanna.

Í ársbyrjun 2008 ákváðu bankastjórar

» Davíð Oddsson var frá upphafi þeirrar skoðunar, að engin ríkisábyrgð væri á Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, en æskilegt væri engu að síður að færa Icesave-reikningana í breska lögsögu.

Seðlabankans að fá til landsins breskan sérfræðing í bankaáfallum, Andrew Gracie, en hann hafði stjórnad æfingu norrænu og baltnesku bankanna haustið áður. Í skýrslu sem Gracie tók saman kvað hann möguleika á því að Glitni félli í október 2008 þegar bankinn þyrfti á víðtækri endurfjármögnun lána að halda. Taldi hann stjórnvöld verða að gera áætlun um hvernig við skyldi bregðast. Davíð afhenti forsætisráðherra skýrslu Gracies. En bankastjórnir báru sig vel í samtölum við forsætisráðherra og bankarnir sýndu vænan hagnað um þær mundir samkvæmt ársreikningum, sem virt endurskoðunarfyrirtæki skrifuðu upp á. Erlend matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virtust ekki sjá sérstakt tilefni til róttækra aðgerða þótt þessir aðilar mæltu almenn varnaðarorð.

Í ferðum sínum erlendis urðu Davíð og starfsbræður hans í Seðlabankanum varir við síaukna tortryggni gagnvart íslensku bönkunum. Bent var á að þeir hefðu vaxið svo hratt að íslenski seðlabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virtust ekki sjá sérstakt tilefni til róttækra aðgerða þótt þessir aðilar mæltu almenn varnaðarorð. Í ferðum sínum erlendis urðu Davíð og starfsbræður hans í Seðlabankanum varir við síaukna tortryggni gagnvart íslensku bönkunum. Bent var á að þeir hefðu vaxið svo hratt að íslenski seðlabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn virtust ekki sjá sérstakt tilefni til róttækra aðgerða þótt þessir aðilar mæltu almenn varnaðarorð.

Seðlabankar loka dyrum

Davíð Oddsson og félagar hans tveir í Seðlabankanum óskuðu eftir fundi með ráðamönnum 7. febrúar 2008 og sátu hann auk þeirra forsætisráðherra, fjármálaráðherra og Ingi-

Þjórg Sólrun Gísladóttir utanríkisráðherra ásamt embættismönnum. Þar greindi Davíð frá samtölum sínum við erlenda fjármálamenn sem hann kvað afar tortryggna á íslensku bankana. Erfitt yrði fyrir þá að öðru óbreyttu að endurnýja þau erlendu lán sem falla myndu í gjalddaga haustið 2008 og á öndverðu ári 2009. Davíð var ómyrkur í máli og þegar hann gekk út af fundinum sagði hann við félagasína: „Ef þetta hreyfir ekki við þessu fólki þá er ekkert sem gerir það.“ Honum tókst þó ekki að sannfæra Ingibjörgu Sólrúnu um að alvara væri á ferðum. Hún skrifaði hjá sér á minnisblaði að fundurinn hefði verið „eins manns útaustur“.

Vandinn var sá að Seðlabankinn gat prentað krónur en ekki pund, dali, evrur eða danskar, norskar og sænskar krónur. Næstu mánuði leituðu Davíð og félagar hans fyrir sér um gjaldeyrisskiptasamninga við aðra seðlabanka sem hefði endurvakið trú á mætti íslenska ríkisins til að aðstoða bankana. Í fyrstu var Íslendingum vel tekið en eftir nokkra skoðun hafnaði Englandsbanki þó málaleitan þeirra. Skrifaði Mervyn King Davíð í apríl að ástæðan væri að íslenska bankakerfið væri of stórt. Davíð var raunar sammála King um þetta og hafði hreyft því við bankamenn að heppilegt væri að flytja Kaupþing úr landi, selja traustan norskan banka í eigu Glitnis og færa Ice-save-reikninga Landsbankans úr útbúi bankans í Lundúnum í dótturfélag hans breskt, Heritable banka. Hann hafði þó ekkert vald til að fylgja slíkum hugmyndum eftir. Ef eitt-hvert slíkt vald var til þá var það hjá Fjármálaeftirlitinu og viðskiptaráðherra. Hitt var annað mál, eins og bankamenn bentu á, að sala eigna var lítt framkvæmanleg í miðri kreppu þegar aðeins fékkst fyrir þær lágt verð. Davíð og félagar hans héldu nokkra aðra fundi með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar, þar á meðal 1. og 16. apríl og 7. og 15. maí, þar sem þeir endurtóku viðvaranir sínar frá 7. febrúar. Davíð hitti einnig Steingrím J. Sigfússon, leiðtoga Vinstri grænna, á tveimur fundum sumarið og haustið 2008 þar sem hann gerði honum í trúnaði grein fyrir áhyggjum sínum af bönkunum.

Svo virðist sem sammæli hafi orðið um það á kvöldverðarfundum seðlabankastjóra G-10 ríkjanna (öflugustu iðnríkjanna) í Basel 4. maí 2008 að neita Íslandi um alla fyrirgreiðslu. Hollenski seðlabankastjórinn var Landsbankanum reiður fyrir að hefja innlánasöfnun í Hollandi og bankastjóri Evrópska seðlabankans kvartaði undan skuldabréfasölu íslensku bankanna til seðlabanka Lúxemborgar. Eftir fundinn náði Davíð Oddsson tali af sænska seðlabankastjóranum, Stefan Ingves, sem hafði áður verið hinn vinsamlegasti en var nú eins og snúið roð í hund. Ingves sagði Davíð að Ísland gæti ekki vænst neinnar aðstoðar nema bankarnir minnkuðu. Davíð tókst þó fyrir harðfyllgi að gera gjaldeyrisskiptasamninga síðar í mánuðinum við seðlabanka Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar. Var Ingves afar tregur til þess að samþykkja samningana. Varð Davíð að hringja af fundinum með norrænum starfsbræðrum sínum í forsætisráðherra, sem þá var staddur á Vestfjörðum, og fá hann til að lofa því að ríkisstjórnin myndi beita sér eftir megni fyrir minnkun bankanna, hóflegum kjarasamningum og endurskoðun húsnæðislánakerfisins. Skrifuðu nokkrir ráðherrar síðan undir skriflega yfirlýsingu því til staðfestingar. Ingves þótti hins vegar lítt til um efnidirnar og á seðlabankastjórafundi í Basel í júní virti hann íslensku seðlabankastjórana ekki viðlits. Þegar hann neyddist til að heilsa Eiríki Guðnasyni, af því að þeir tóku af tilviljun sömu lyftuna, rétti hann fram vinstri hönd.

Spáin sem rættist

Nú var nýtt áhyggjuefni komið til sögu. Þar eð Landsbankinn hafði safnað innlánunum í Bretlandi í útbúi, en ekki dótturfélagi, voru þau tryggð í hinum íslenska Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, ekki hlíðstæðum breskum sjóði. Ljóst var að íslenski sjóðurinn hafði enga burði til að greiða innstæðueigendum út eignir sínar kæmi til þess að Landsbankinn félli. Eftir að athygli var vakin á þessu í breska þinginu lagði breska fjármálaeftirlitið til að innstæðurnar yrðu færðar í breska lögsögu en jafnmikið af eignum Landsbankans á móti. Davíð Oddsson var frá upphafi þeirrar skoðunar að engin ríkisábyrgð væri á Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta en æskilegt væri engu að síður að færa Ice-save-reikninga í breska lögsögu. Hann sagði við bankastjóra Landsbankans á fundi í Seðlabankanum 31. júlí 2008: „Þið getið út af fyrir sig sett Björgólf Guðmundsson á hausinn og eruð sjálfsgagt komnir langleiðina með það. En þið hafið ekkert leyfi til þess að gera íslensku þjóðina gjaldþrota.“ Vandir Landsbankans var hins vegar að breska Fjármálaeftirlitið vildi ekki leyfa honum að flytja eignir í áföngum á móti innstæðunum svo að lánalínur yrðu ekki lausar.

Sama dag og Davíð mælti þessi orð við



Morgunblaðið/Golli

Davíð Oddsson kemur inn í Stjórnarráðið 30. september 2008. Tílefnið var að segja ríkisstjórninni, að bankakerfið yrði fallið eftir 10–15 daga. Ráðherrar tóku þessum boðskap misjafnlega.

bankastjóra Landsbankans var staddur hér á landi kanadíski hagfræðingurinn William White, sem verið hafði einn af yfirmönnum BIS, Alþjóðagreiðslumiðlunarbankans, í Basel. Davíð bauð honum til kvöldverðar í Perlunni. Þeir röbðu saman um ástandið á fjármálamórkunum. White taldi mikla andstöðu við að bjarga bönkum með almannafé en það yrði samt að lokum gert: „Það er búið að ákveða að einn stór banki verður látinn fara á hausinn, það verða Lehman-bræður, og síðan eitt land og það verðið þið.“ Davíð spurði hessa: „Hvað ert þú búinn að fá þér marga gin og tonni?“ White svaraði: „Aðeins einn.“

Þótt þeir Geir H.

Haarde forsætisráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra tækju viðvaranir Davíðs alvarlega gegndi öðru máli um forystumenn Samfylkingarinnar. Í Fréttablaðinu 4. september lagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir til að bankarnir héldu áfram innlánasöfnun sinni erlendis. Spá Whites gekk hins vegar eftir. Lehman-bræður urðu gjaldþrota 15. september. Nú hertist hin alþjóðlega lánsfjárrakka um allan helming. Bankar þorðu alls ekki að lána hver öðrum. Skuldatryggingaálagið á íslensku bankana, sem hafði lækkað eftir gjaldeyrisskiptasamningana við seðlabanka Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur, rauk upp. Það jók ekki traustið á Íslandi þegar bandaríski seðlabankinn gerði gjaldeyr-

» Eftir fundinn skundaði Davíð í Seðlabankann og hitti viðbúnaðarhópinn. Hann sagði honum, að mestu máli skipti nú að girða Ísland af, vernda þjóðina fyrir skakkaföllum vegna yfirvofandi bankahruns.

urðsson viðskiptaráðherra sem fór með bankamál á fundinn þar sem þetta ætti að ákveða krafðist hann þess að heyra þetta af munnri Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem stödd var í Bandaríkjunum. Geir H. Haarde hringdi í hana úr fjármálaráðuneytinu, þar sem nokkrir fleiri voru viðstaddir, og staðfesti hún þetta við Davíð. Vonir stóðu til þess að kaupin á Glitni myndu endurvekja traust á bankanum. En tímasetningin gat ekki verið verri. Mánu-



Morgunblaðið/Golli

Þegar Davíð Oddsson fór á ríkisstjórnarfundinn 30. september 2008, rakst hann á Sævar Ciesielski í anddyrinu og sagði við hann: „Ja, þetta hlýtur að vera mikilvægt, fyrst við erum báðir kallaðir til skrafs og ráðagerða.“

daginn 29. september náði hin alþjóðlega lánsfjárrakka einmitt hámarki. Seðlabankar um allan heim prentuðu peninga í gríð og erg og tóku á móti við alls konar skuldabréfum frá bönkum, jafnvel hlutabréfum í fyrirtækjum. Matsfyrirtæki lækkuðu matið á íslenska bönkunum og líka á íslenska ríkinu. Davíð varð ljóst að bankarnir væru að falla. Hann kallaði saman viðbúnaðarhóp, sem skyldi vera starfsliði Seðlabankans til aðstoðar, og bað um fund með ríkisstjórninni þriðjudaginn 30. september.

Sögulegur ríkisstjórnarfundur

Þegar Davíð Oddsson kom inn í Stjórnarráðið þennan þriðjudagsmorgun, var þar fjöldi blaðamanna fyrir framan fundaherbergi ríkisstjórnarinnar. Þar var líka Sævar Ciesielski, sem sloppið hafði inn í húsið og var mjög órólegur. Um leið og hann sá Davíð gekk hann til hans. Davíð tók í hönd hans og sagði: „Ja, þetta hlýtur að vera mikilvægt fyrst við erum báðir kallaðir til skrafs og ráðagerða.“ Sævar róaðist mjög við að sjá og heyra Davíð. Hið sama átti ekki við um alla ráðherrana eftir að Davíð kom inn á ríkisstjórnarfundinn og sagði að líklega myndi allt bankakerfið hrynjast á næstu tíu til fimmtán dögum. Þau Össur Skarphéðinsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir brugðust ókvæða við þegar Davíð bætti við að hann væri að vísu andvígur þjóðstjórnunum en að skilyrði fyrir henni gætu nú verið að myndast. Íslendingar yrðu að sameinast gegn yfirvofandi hættu. Skilja yrði að erlendan og innlendan hluta bankakerfisins og reisa varnarvegg um hinn innlenda.

Eftir fundinn skundaði Davíð í Seðlabankann og hitti viðbúnaðarhópinn. Hann sagði



Davíð Oddsson og Lásur Welding á blaðamannafundi 29. september 2008. Hafa varð hröð handtök, eftir að Glitnir bar fram ósk um þrautavarálan til Seðlabankans. Seðlabankinn sýnaði um lánið, því að veð væru ekki nógu góð, en ríkisstjórnin ákvað að kaupa 75% hlut í Glitni fyrir 600 milljónir evra.

Morgunblaðið/Kristinn



Morgunblaðið/RAX

Pótt ráðamenn Seðlabankans hefðu varað við útpenslu bankanna og undirbúið í kyrrþey áætlan um varnarvegg umhverfis Ísland, var mótmælunum eftir bankahrunið beint að Seðlabankanum.



Morgunblaðið/Ernir

Niðurstöður Rannsóknarnefndar Alþingis á bankahruninu voru ekki beinlínis rangar, en ófullkomnar. Hún taldi upp ýmis atriði, sem gerði bankakerfið viðkvæmt, en horfði fram hjá því, hvers vegna það féll. Gler brotnar ekki, af því að það sé brothætt. Eitthvað þarf að gerast.

Umsátrið um Ísland

Geir H. Haarde og Davíð Oddsson vildu reyna til þrautar að bjarga leifunum af bankakerfinu. Þess vegna veitti Seðlabankinn Kaupþing 500 milljóna evra lán þennan sama mánuðag, 6. október, gegn veði í FIIH banka í Danmörku sem var í eigu Kaupþings. Höfðu danskir embættismenn fullvissað Davíð um að bankinn væri miklu meira virði. Seðlabankinn gætti þess að taka allsherjarveð fyrir öllum skuldum Kaupþings við bankann. Einnig var reynt að útvega stórt lán á hagstæðum kjörum frá Rússum. Hringdi sendiherra Rússa á Íslandi, Víktor Tatarintsev, í Davíð snemma morguns þriðjudaginn 7. október og sagði slíkt lán standa til boða. Gaf hann Davíð leyfi til að segja frá því opinberlega sem Davíð gerði að höfðu samræði við forsætisráðherra. En nokkrum klukkutímum síðar hringdi sendiherrann aftur og kvað snurðu hlaupna á þráðinn. Höfðu Rússar eflaust haft spurnir af því að einhverjir íslenskir ráðamenn væru að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um fyrirgreiðslu og áhugi þeirra dofnad. Annar möguleiki er að vestrænir ráðamenn hafi haft samband við Pútín, forsætisráðherra Rússlands, og gert honum grein fyrir að Ísland væri á vestrænu áhrifsvæði. Á sama tíma gekk breska ríkisstjórnin mjög hart fram gegn Íslendingum. Hún lokaði dótturfélagi Kaupþings í Bretlandi og olli með því falli Kaupþings á Íslandi. Jafnframt beitti breska stjórnin að nauðsynjalausu hryðjuverkalögum á Landsbankann, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Ísland stóð uppi einangrað. Næstu vikur unnu starfsfólk Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins með aðstoð ýmissa starfsmanna hinna föllnu banka sannkallað kraftaverk við að halda uppi greiðslumiðlunarkerfi innan lands og utan.

Davíð var ekki hrifinn af því að Ísland skyldi í þessum hremmingum leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um lán. Hvað hafði það að gera við Davíð Oddsson og félagar hans tveir í Seðlabankanum sáu hætturarnar fyrir og skýrur en aðrir og vörðu við þeim hvað eftir annað í trúnaði í fárra manna hópi, en töluðu fyrir daufum eyrum fram eftir árinu 2008.

Nú tók að gæta ókyrrðar á Íslandi. Pótt

bankastjórar Seðlabankans hefðu einir áhrifamanna varað við hröðum vexti bankanna og undirbúið í kyrrþey og með aðstoð erlendra sérfræðinga ráðstafanir til að minnka tjónið af hugsanlegu hruni þeirra var mótmælaaðgerðum vegna bankahrunsins aðallega beint að Seðlabankanum en miklu síður að stærsta skuldunauti bankanna, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, en hann og hópur hans skuldaði þeim um þúsund milljarða króna þegar yfir lauk. Sú tortryggni, sem vaknað hafði erlendis í garð bankanna, hafði ekki sist verið hans vegna. Hvað sem því leið mátti heita samfelld umsátur um Seðlabankann í árslok 2008 og ársbyrjun 2009. Samfylkingin þoldi ekki álagið og gekk úr stjórn Geirs H. Haarde í janúarlök 2009. Ný vinstristjórn Jóhönnu Sigurðardóttur braut viðtekna venju um sjálfstæði seðlabanka og hrakti seðlabankastjórana þrjá úr starfi.

Fjallið tók jóðsött

Alþingi skipaði í árslok 2008 rannsóknarnefnd um bankahrunið og skilaði hún skýrslu í apríl 2010. Þar var niðurstaðan um seðlabankastjórana þrjá að þeir hefðu gerst sekir um vanrækslu í tveimur málum. Hið fyrra sneri að Landsbankanum. Seðlabankastjórnir hefðu ekki átt að hafna strax hugmyndum frá Landsbankanum í ágúst 2008 um flókna fjármálagerninga, þar á meðal fyrirgreiðslu Seðlabankans, sem hefðu það að markmiði að auðvelda færslu Icesave-reikninganna úr útbúinu í Lundúnum í dótturfélag. Þess í stað hefðu þeir átt að rannsaka fjárhag Landsbankans og skoða betur at-hugasemdir breska Fjármálaeftirlitsins. Bankastjórnarnir bentu á það sér til varnar að Landsbankinn hefði ætlast til þess að fyrirgreiðsla Seðlabankans við hann yrði leynileg og það hefði aldrei staðist. Það hefði líka verið mjög hæpið hvort bankinn hefði haft lagaheimild til að veita þá fyrirgreiðslu sem Landsbankinn leitaði eftir. Enn fremur hefði Seðlabank-

inn ekki haft sama aðgang að upplýsingum um fjármálafrýrtækni og Fjármálaeftirlitið.

Hitt málið sem nefndin taldi fela í sér vanrækslu sneri að Glitni. Seðlabankastjórnir hefðu átt að leita til sérfræðinga um verðmat á Glitni þegar bankinn hafnaði í september 2008 ósk Glitnis um neyðarlán en lagði þess í stað til við ríkisstjórnina að ríkið keypti 75% í bankanum fyrir 600 milljónir evra. En þessi ásökun var jafnhæpin og hin fyrri. Það var ríkisstjórnin sem ákvað að kaupa hlut í Glitni ekki Seðlabankinn. Hafa þurfti snör handtök því að afgreiða varð málið um helgi áður en markaðir yrðu opnaðir á mánudag. Í miðri fjármálakreppu er erfitt að verðmeta banka: Þeir geta verið einskis virði á einni stund og mikils virði á annarri. Engir sérfræðingar geta reiknað út neitt „eðlilegt verð“

við þær aðstæður. Tillaga Seðlabankans miðaðist við þær tvær forsendur að bankann vantaði 600 milljónir evra til að standa skil á afborgunum lána og að ríkið vildi eiga ráðandi hlut án þess að færa hlutafé eigendanna niður of mikið. Við þessar aðstæður var verðmatið eðlilegt.

Rannsóknarnefnd Alþingis gerði hins vegar ekki ágreining við seðlabankastjórana um sjálfar ákvarðanirnar, að hafna beiðni Landsbankans í ágúst um fyrirgreiðslu og beiðni Glitnis í september um þrautavarálan. Taldi hún þær báðar eðlilegar. En báðar ásakanirnar um vanrækslu í tengslum við þær voru í raun um að Seðlabankinn hefði átt að láta gera fleiri skýrslur, panta fleiri sérfræðiálit eða semja fleiri minnisblöð á ögurstund þegar taka þurfti snöggar ákvarðanir. Á sama tíma voru Hank Poulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, að taka ákvarðanir í síma eða á skyndifundum um hundruð milljarða lán eða kaup nánast fyrirvaralaust. Til dæmis fékk Bear Sterns 30 milljarða dala neyðarlán frá Seðlabankanum í New York svo að JP Morgan Chase gæti keypt fyrirtækið fyrir 2 dali á hlut. Þegar hluthafar létu í ljós óánægju sína var verðið hækkað hið snarasta í 10 dali á hlut. Eftir að fjöldi íslenskra lögfræðinga og hagfræðinga hafði rannsakað Seðlabankann hátt og lágt í eitt og hálf ár með rúm fjárráð og ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum fundu þeir þær tvær hugsanlegu vanrækslusyndir, að vantað hefði skjalavinnu að baki tveimur ákvörðunum sem þó hefðu sjálfar verið eðlilegar. Hvorug hin hugsanlega vanrækslusynd breytti þó neinu um bankahrunið. Hér hafði fjallið tekið jóðsött og fæðst lítil mús.

Hrun og endurreisn

Meginskýring Rannsóknarnefndar Alþingis á bankahruninu er ekki beinlínis röng, heldur ófullkomin. Nefndin taldi bankahrunið hafa orðið vegna þess að bankarnir hefðu vaxið of hratt og orðið of stórir í hlutfalli við seðlabanka og ríkissjóð. Þetta var vissulega nauðsynlegt skilyrði bankahrunsins en ekki nægilegt. Gler brotnar ekki aðeins af því að það sé brothætt, heldur af því að eitthvað gerist. Vissulega höfðu bankarnir vaxið of hratt og stjórnendur þeirra og eigendur farið langt fram úr sjálfum sér svo að hér myndadist kerfi sem var viðkvæmt eða „brothætt“. En ástæðan til þess, að íslenska bankakerfið féll á meðan hið svissneska (sem var hlutfallslega jafnstórt) hélt velli var að svissneski seðlabankinn fékk lausafjár fyrirgreiðslu frá Bandaríkjunum en íslenska seðlabankanum var neitað um slíka fyrirgreiðslu bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, jafnframt því sem breska Verkamannaflokksstjórnin olli falli Kaupþings með því að loka dótturfélagi þess í Lundúnum og setja hryðjuverkalög á Landsbankann, Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Þarfnast hin harkalega og jafnvel fólksulega framkoma þeirra Alistairs Darlings og Gordons Browns skýringa en á daginn hefur komið að ásakanir þeirra um ólöglegar millifærslur til Íslands voru tilhæfulegar, jafnframt því sem bresku bankarnir í eigu Íslendinga reyndust við uppgjör eiga fyrir skuldum þótt þeir væru einu bresku bankarnir sem Verkamannaflokksstjórnin bjargaði ekki.

Davíð Oddsson og félagar hans tveir í Seðlabankanum sáu hætturarnar fyrir og skýrur en aðrir og vörðu við þeim hvað eftir annað í trúnaði í fárra manna hópi en töluðu fyrir daufum eyrum fram eftir árinu 2008. Fjölmiðlar veittu bönkunum ekkert aðhald nema helst Morgunblaðið. Kaupþing fluttist ekki úr landi, Glitnir seldi ekki hinn norska banka sinn og Landsbankinn færði Icesave-reikningana ekki úr útbúi í dótturfélag. Hitt er annað mál að neyðarlögin sem viðbúnaðarhópur Seðlabankans og starfsfólk bankans, viðskiptaáðuneytisins og Fjármálaeftirlitsins undirbyggdu saman með aðstoð erlendra sérfræðinga, reyndust hið besta. Sparifjáreigendur róuðust og ekki kom til áhlaups á bankana. Breytingin úr gömlu bönkunum í nýja banka tókst vonum fram og greiðslumiðlun við útlönd raskaðist lítt. Með neyðarlögunum var tryggð að ríkissjóður tæki ekki á sig risastórar skuldbindingar vegna bankahrunsins en það auðveldaði leikinn að ríkissjóður var nánast skuldlaus. Barátta Davíðs gegn Icesave-samningnum tveimur átti líka sinn þátt í því að þjóðin hafnaði þeim í tveimur atkvæðagreiðslum og málstaður hans vann fullnaðarsigur með úrskurði EFTA-dómstólsins í janúar 2013. Þjóðin losnaði við risaskuldir. Eins og Hannes Finnsson biskup skrifaði eftir móðuharðindin, dýnja oft á Íslendingum erfðleikar en þeir eru furðuflyótir að jafna sig eftir þá. Ein meginástæðan til þess hversu vel hefur gengið er að á örfárum haustdögum árið 2008 var reistur varnarveggur um Ísland. Því var bjargað sem bjargað varð.

Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. Hann sat í bankaráði Seðlabankans 2001–2009.